

Eyþing. Áhersluverkefni 2018

| Verkefni 2018 - 6 | Ungt og skapandi fólk |
|-----------------------------------|--|
| Markmið | <p>Að auka samkeppnishæfni landshlutans fyrir ungt fólk.</p> <p>Undirmarkmið: Að efla sjálfsmynd ungra íbúa svæðisins. Að varpa ljósi á þau tækifæri sem felast í uppbyggingarsjóði fyrir ungt fólk.</p> |
| Stutt verkefnislýsing | <p>N4 gerir 6-8 sjónvarpsþætti með og fyrir ungt fólk á aldrinum 16-30 ára, hver þáttur er 27 mín. langur. Þáttastjórnendur eru ungt fólk af Eyþing svæðinu með góða tengingu inn í framhaldsskólana og Háskólann. Tillaga að nafni á þáttunum er "ÉG UM MIG" og vísar til ákveðinnar sjálfhverfu ungs fólks en einnig að þættirnir eru um og fyrir þennan aldurshóp. Áhersla er á að þættirnir séu fræðandi á fjölbreyttum sviðum, áhugaverðir og gott sjónvarp. Til umfjöllunar verður ungt fólk í fjölbreyttum listgreinum, allskyns nýsköpun, námi og starfi. Litið verður til handverks, hönnunar, íþróttar, tónlistar, hugbúnaðargerðar, ýmissa tómsunda og allt það sem getur dregið fram og varpað ljósi á þann sköpunar- og frumkvöðlakraft sem býr í mörgu ungu fólki á svæðinu.</p> <p>Mikilvægt er að beina athygli á markvissan hátt, að þeim sem eru að gera jákvæða og áhugaverða hluti og geta virkað sem góðar fyrirmyndir innan ólíkra menningarkima samfélagsins. Ekki er síður mikilvægt að þessar fyrirmyndir komi úr nærsamfélaginu þannig að annað ungt fólk geti litið til einhverra sem þeir þekkja og umgangast.</p> <p>Þáttunum verður skipt upp í minni einingar þannig að hægt sé að deila þeim auðveldlega á samfélagsmiðlana og verður þeim beitt óspart til að ná í þennan hóp í þjóðfélaginu.</p> |
| Framkvæmdaaðili | N4 |
| Samstarfsaðilar | Verkefnisstjóri menningarmála hjá Eyþingi, Nýsköpunarmiðstöð, atvinnuþróunarfélögin |
| Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019 | <p>Áhersla verður á það að vekja athygli ungs fólks á þeim tækifærum sem felast í uppbyggingarsjóði. Fjallað verður m.a. um ungt fólk sem hlotið hefur styrki. Þó að í þessu felist ekki bein markmiðstengsl við Sóknaráætlun er litið svo á að í því felist mikilvæg sóknarfæri að ná betur til þessa hóps.</p> <p>Eitt af leiðarljósum Sóknaráætlunar er að svæðið verði samkeppnishæft við aðra landshluta og nágrannalönd í vali ungs fólks og innflytjenda í búsetu (bls. 5). Verkefnið getur stutt við eftirfarandi markmið: Styðja við nýsköpun og markaðsstarf (2.1.). Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista, ekki síst fyrir ungt fólk (10.1). Efla hönnun og skapandi greinar (10.2).</p> |
| Árangursmælikvarðar | <p>Áhorf. Viðbrögð á samfélagsmiðlum s.s. fjöldi deilinga. Fjöldi viðmælenda. Fjölgun umsókna frá ungu fólki í uppbyggingarsjóð.</p> |

| Lokaafurð | Sjónvarpsþættir og stutt innsög á aðra samfélagsmiðla | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|------------------------------|--|----------------|------------------|-------------|--------|--------------------------|------|------|-----------|----------------------|---|-----------|-----------|---------------------|---|---------|---------|----------------|--|--|------------------|
| Tímarammi | Þáttagerð lokið fyrir árslok 2018. | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Áætlaður kostnaður | <table border="1"> <thead> <tr> <th>Kostnaðarliður</th> <th>Magn/fjöldi</th> <th>Einingaverð</th> <th>Upphæð</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Laun og launatengd gjöld</td> <td>1032</td> <td>4000</td> <td>4.128.000</td> </tr> <tr> <td>Framleiðslukostnaður</td> <td>1</td> <td>2.908.000</td> <td>2.908.000</td> </tr> <tr> <td>Auglýsingakostnaður</td> <td>1</td> <td>696.000</td> <td>696.000</td> </tr> <tr> <td>Samtals</td> <td></td> <td></td> <td>7.732.000</td> </tr> </tbody> </table> | Kostnaðarliður | Magn/fjöldi | Einingaverð | Upphæð | Laun og launatengd gjöld | 1032 | 4000 | 4.128.000 | Framleiðslukostnaður | 1 | 2.908.000 | 2.908.000 | Auglýsingakostnaður | 1 | 696.000 | 696.000 | Samtals | | | 7.732.000 |
| Kostnaðarliður | Magn/fjöldi | Einingaverð | Upphæð | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1032 | 4000 | 4.128.000 | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Framleiðslukostnaður | 1 | 2.908.000 | 2.908.000 | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Auglýsingakostnaður | 1 | 696.000 | 696.000 | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Samtals | | | 7.732.000 | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Framlag úr sóknaráætlun 2018 | 4.000.000 kr. N4 mun fjármagna mismuninn (3.732.000 kr.) miðað við kostnaðaráætlun eftir öðrum leiðum. | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |